

Rangárþing eystra
Anton Kári Halldórsson
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur

11. desember 2017
UST201711-043/R.K.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag – Kvoslækur, Rangárþing eystra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sem barst 6. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi lóða í landi Kvoslækjar í Rangárþingi eystra.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki á svæði á náttúruminjasrá eða á svæði undir sérstakri vernd skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vistgerðir eru tún og akurlendi (af gerðinni L14.2). Því telur stofnunin ekki hættu á raski vistgerða með hátt verndargildi. Hins vegar er landsvæðið í heild sinni skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði á Suðurlandsundirlendi samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (2016). Því ber að mati Umhverfisstofnunar að haga framkvæmdum þannig að ekki trufla fuglalíf á varptíma. Einnig telur stofnunin mikilvægt að öllu raski sé haldið í lágmarki. Þar sem byggingareitir eru rúmir, og gefa kost á stórum byggingum, telur Umhverfisstofnun æskilegt að útlit og efnisval bygginga sé valið með þeim hætti að það falli sem best að umhverfinu.


Umhverfisstofnun bendir á að fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun hefur metið deiliskipulagstillögu Kvoslækjar og gerir ekki frekari athugasemd við tillöguna.



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllt



Kristín Salome Jónsdóttir
Sérfræðingur